

Fundargerð

5. fundur stjórnar Bændasamtaka Íslands árið 2008 var haldinn í Bændahöllinni miðvikudaginn 30. apríl og hófst kl. 11:00.

Þessir sátu fundinn: Haraldur Benediktsson, Jóhannes Sigfússon, Karl Kristjánsson, Sigurbjartur Pálsson, Svana Halldórsdóttir, Sveinn Ingvarsson og Þorsteinn Kristjánsson.

Einnig sátu fundinn Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri, og Gylfi Þór Orrason, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð 4. stjórnarfundar.
2. Staða umsagnar um “bandorminn”.
3. Áhættumat starfa.
4. Ræktunarsjóður.
5. Umsóknir um “sérstakar” búrekstraráætlanir.
6. Búnaðarlagasamningur.
7. Fagfé sauðfjárræktar.
8. Bjargráðasjóður.
9. Húsnæðismál.
10. Fundur framkvæmdastjóra Bændasamtakanna með formanni og framkvæmdastjóra Landssambands kúabænda í kjölfar aðalfundar sambandsins.
11. Landbúnaðarsýningin á Hellu.
12. Beint frá býli.
13. Lagafrumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar.
 - a) Endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
 - b) Frumvarp til laga um tekjuskatt.
 - c) Framkvæmdáætlun í málefnum innflytjenda.
 - d) Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu o.fl.
 - e) Frumvarp til laga um fiskeldi.
 - f) Frumvarp til laga um Fiskræktarsjóð.
 - g) Frumvarp til laga um flutning stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði o.fl. til Fiskistofu.
14. Málefni Hótel Íslands ehf.
15. Endurnýjun samnings Bændasamtaka Íslands og Starfsgreinasambands Íslands.
16. Sauðamessa.
17. Sjúkkrasjóður.
18. Starfsmenntasjóður.
19. Gjaldskrármál.
20. Staðfesting úthlutunar nýliðunarstyrkja.
21. Önnur mál:
 - a) Starfshópur um fjallskil.
 - b) Aðalfundur Landsmóts ehf.
 - c) Samþykktir Búnaðarsambands N-Þingeyinga og Búnaðarfélags Áshrepps.
 - d) Samstarfssamningur við Landbúnaðarháskóla Íslands.

1. Fundargerð 4. stjórnarfundar.

Um 11. dagskrárlið a).

Formaður fjallaði um það sem fram fór á “stækkuðum” fundi Verðlagsnefndar búvöru nú fyrir skömmu og þá niðurstöðu sem náðist innan nefndarinnar um hækkun á verði mjólkur til bænda í framhaldi af honum.

Fundargerðin var síðan samþykkt samhljóða.

2. Staða umsagnar um “bandorminn”.

Formaður innleiddi málið, en um er að ræða endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Stefán Geir Þórisson, sérfræðingur í Evrópurétti hjá Lögmannsstofunni Forum, hefur verið Bændasamtökunum til ráðgjafar í málinu. Fundur var haldinn með forystumönnum aðildarfélaganna Bændasamtakanna o.fl. í gær þar sem þeim var kynnt staða umsagnar BÍ um frumvarpið og áherslur samtakanna í málinu. Formaður, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri félagssviðs hafa einnig fundað um málið með stjórn málamönnum, heimsótt þingflokka o.fl. Bændasamtökin hafa lagt aðaláherslu á að reyna að fá Alþingi til þess að fresta málinu fram á haust svo að samtökunum gefist nauðsynlegur tími til þess að yfirfara frumvarpið með ábyrgum hætti.

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblöð með þeim glærum sem hann kynnti á fundi með fulltrúum aðildarfélaganna Bændasamtakanna á fundinum í gær. Fundurinn í gær virtist einróma í þeirri afstöðu sinni að ekki væri nóg vel að frumvarpinu staðið. Ýmis gögn og útreikninga vantar til þess að Bændasamtökin geti að svo komnu máli gefið ábyrga umsögn um frumvarpið þannig að afgreiða megi það á vorþingi Alþingis.

Formaður taldi að Bændasamtökin þyrftu að svo stöddu að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- Ítreka 1. tölulið bókunar stjórnar BÍ frá 22. febrúar 2006 um málið.
- Fara fram á meiri tíma til þess að vinna umsögn um frumvarpið, þ.e. allt sumarið. Vantar útreikninga á efnahagslegum áhrifum frumvarpsins, bæði fyrir bændur og vinnsluaðilana.
- Fara þarf vandlega yfir stöðu búgreinanna gagnvart tollverndinni.
- Staða framleiðenda og úrvinnsluaðila er nú þegar óþolandi og mun versna enn frekar verði frumvarpið að lögum, ekki síst vegna samþjöppunar í smásölu.

Samþykkt var samhljóða að fara fram á frest til umsagnar um frumvarpið þannig að það verði ekki afgreitt fyrir en á næsta haustþingi Alþingis. Umsögn nú þurfi þó að fylgja rökstuðningur á því hvers vegna brýnt sé að fresta málinu. Verði hins vegar ekki fallist á kröfu BÍ þá lýsir stjórn samtakanna sig alfarið andvíga samþykkt frumvarpsins.

3. Áhættumat starfa.

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti minnisblað Árna Jósteynssonar, dags. 29. apríl sl. um málið, en því fylgdu hugmyndir Bergrúnar Helgu Gunnarsdóttur og Evu Yngvadóttir hjá Línuhönnun að skriflegri áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum bænda. Með nýrri reglugerð, nr. 920/2006, sem sett var á grundvelli vinnuverndarlaganna, ber atvinnurekendum að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Því þarf að láta vinna svokallað “áhættumat starfa” sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja og draga úr slysum, óhöppum og heilsutjóni. Samþykkt var samhljóða að fela Árna Jósteynssyni að vinna áfram að þróun málsins með hliðsjón af þeim hugmyndum sem hann reifar í minnisblaði sínu.

4. Ræktunarsjóður.

Formaður innleiddi málið. Í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007 og samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10. maí 2004 eru ákvæði um ráðstöfun fjármuna til eflingar jarðræktar. Útfærslan er í höndum Framkvæmdanefndar búvörusamninga, en til ráðstöfunar fyrir þetta ræktunarár koma rúmar 55 mkr. Markmiðið er að auka ræktunarmenningu og hlut heimaaflds fódurs og stuðla að hagkvæmri innlendri frumframleiðslu á fœðri, bættu nýtingu aðfanga og stuðla að góðri meðferð á ræktunarlandi og umhverfi. Drög að úthlutunarreglum fyrir sjóðinn hafa verið útfærð í samráði við stjórnir Landssambands kúabænda og Landssamtaka sauðfjárbænda. Eftir umræður var gerð tillaga um að styrkur verði ekki greiddur oftar en í þrjú ár fyrir hverja spildu miðað við núverandi fjármagn í sjóðnum. Nægi fjármunir hins vegar ekki fyrir óskertum framlögum skal fella niður framlög á ræktun umfram 30 hektara áður en önnur framlög eru skert.

Samþykkt var samhljóða að fela formanni og framkvæmdastjóra að ganga frá endanlegum reglum um starfsemi sjóðsins innan Framkvæmdanefndar búvörusamninga.

5. Umsóknir um “sérstakar” búrekstraráætlanir.

Eftirfarandi umsóknir hafa borist um styrki skv. 5. lið úthlutunarreglna um “markmiðstengdar búrekstraráætlanir:

- a) Búnaðarsamtök Vesturlands, kr. 2.053.000, til “*úttektar á verktakavinnu meðal bænda á Vesturlandi og sértækra leiðbeininga varðandi endurnýjun tækja*”.
- b) Búnaðarsamtök Vesturlands, kr. 2.053.000, til verkefnisins “*markvissari endurræktun, betra gróffóður og minna aðkeypt kjarnfóður – lykillinn að bættum kjörum*”.
- c) Búnaðarsamband Suðurlands, kr. 2.976.000, til “*úttektar á fóðuröflunar- og fóðrunarkostnaði á sauðfjárbúum*”.
- d) Búnaðarsamband Suðurlands, kr. 4.575.000, til “*úttektar á fóðuröflunar- og fóðrunarkostnaði á kúabúum*”.
- e) Búnaðarsamband Eyjafjarðar, kr. 3.000.000, til “*úttektar á hagkvæmni fóðuröflunar/aðgerðaáætlun*”.
- f) Búnaðarsamband Eyjafjarðar, kr. 1.000.000, til “*úttektar á hagkvæmni tækja- og vélafljór festinga*”.
- g) Búnaðarsamband Eyjafjarðar, kr. 2.500.000, til “*viðskiptaáætlana vegna nýsköpunarverkefna*”.

Samþykkt var samhljóða að verða við umsóknum um öll ofangreind verkefni, utan það síðasttalda. Í ljósi þess hve verkefni eru lík var Gunnari Guðmundssyni, sviðsstjóra ráðgjafarsviðs, falið að boða framkvæmdastjóra búnaðarsambandanna þriggja til fundar þar sem vinnan verði skipulögð sem eitt heildarverkefni sem taki tillit til allra þátta í frumtillögunum með skýrri verkaskiptingu á milli aðila. Niðurstaða (afurð) hins sameiginlega verkefnis verði “*ráðgjafarverkfæri – reiknilíkan*” sem taki tillit til flestra eða allra þátta verkefnanna og verði sniðið að því að það henti við einstaklingsráðgjöf fyrir bændur í viðkomandi þáttum búrekstrarins. Fjárframlagi til búnaðarsambandanna verði skipt eftir skipulagningu og vinnuframlagi hvers þeirra við verkefni.

6. Búnaðarlagasamningur.

Formaður reifaði stöðu samningaviðræðnanna. Á meðal þess, sem rætt hefur verið, er með hvaða hætti unnt sé að efla starf Hagþjónustu landbúnaðarins í tengslum við samninginn, bæði við rekstrarráðgjöf til bænda og gagnasöfnun. Hugmyndir hafa komið upp um að í lok samningsins verði skilgreind þrjú þjónustusvæði búnaðarsambandanna á landinu, annað hvort landfræðilega eða að sett verði skilyrði um lágmarksfjölda starfsmanna á hverri stöð til þess að hún geti notið framlaga. Fulltrúar ríkisvaldsins vilja að Bændasamtökin kynni þetta fyrir forsvarsmönnum þeirra búnaðarsambanda sem þetta snertir mest. Jafnframt þarf að taka ákvörðun um hvenær samningstímans slíkar breytingar taki gildi. Rætt hefur verið um að rýmka ákvæði samnings um stuðning við aðlögun á lífrænni framleiðslu. Þá þarf að nást niðurstaða um hvernig stutt verði við verkefnið “Beint frá býli” innan samningsins. Ekki er enn farið að tala um fjárveitingar til samningsins, en fulltrúar ríkisvaldsins vilja gjarnan auðvelda tilfærslu fjármuna á milli liða hans. Þeir hafa hins vegar ekki gefið neinn ádrátt um að fjárframlög til hans verði aukin. Fulltrúar bænda hafa lagt áherslu á að fá mótframlag frá ríkisvaldinu í Lífeyrissjóð bænda sem hluta samningsins.

Eftir nokkrar umræður var fulltrúm bænda í samninganefndinni falið að vinna áfram að gerð samningsins skv. þeim áherslum sem lagt var upp með.

7. Fagfé sauðfjarræktar.

Lagt fram bréf Jóns Baldurs Lorange, sviðsstjóra tölvudeildar, dags. 29. apríl sl., með umsókn um styrk vegna notendagjalda skýrsluhaldara að nýjum skýrsluhaldsgrunni í sauðfjárrækt (fjarvis.is).

Samþykkt var samhljóða að verða við umsókninni, að undangenginni samþykkt Fagráðs í sauðfjárrækt.

Lagt fram bréf Jóns Viðars Jónmundssonar, dags. 20. apríl sl., með umsókn um styrk til afkvæmarannsóknna á hrútum á vegum búnaðarsambandanna haustið 2008.

Samþykkt var samhljóða að verða við umsókninni.

8. Bjargráðasjóður.

Lagt fram til umsagnar frumvarp til laga um brottfall laga um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, með síðari breytingum.

Formaður kynnti tillögu sína og framkvæmdastjóra með skilyrðum Bændasamtakanna fyrir því að stjórn BÍ sætti sig við að sjóðurinn verði lagður niður, sem þeir muni síðan leggja áherslu á í viðræðum sínum við Samgöngunefnd Alþingis um málið. Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að a) sveitarfélögin fái lausn frá iðgjaldagreiðslu, b) Samband sveitarfélaga fái húsnæði og fjármuni til að mæta eftirlaunaskuldbindingum, c) ríkið leggi sinn hlut í stóráfalladeild innan Framleiðnisjóðs, d) ríkið leggi áfram fram 10 mkr. árlega, e) Bændasamtökin leggi hlutdeild bænda til Framleiðnisjóðs, f) Búnaðargjald til sjóðsins verði óbreytt, auk þess sem sett verði heimildarákvæði um endurgreiðslu búnaðargjalds tiltekinna búgreina. Bændasamtök Íslands og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti skipi starfshóp til þess að móta starfsemi sjóðsins. Starfsemin verði sameinuð Framleiðnisjóði og megin hlutverki Bjargráðasjóðs áfram sinnt.

9. Húsnæðismál.

Framkvæmdastjóri kynnti tölvubréf Guðrúnar Margrétar Ólafsdóttur, hönnuðar hjá Go-form ehf., dags. 29. apríl sl, með drögum að kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðra breytinga á skrifstofum Bændasamtaka Íslands. Samkvæmt kostnaðaráætluninni er heildarkostnaður við breytingarnar áætlaður um 155 mkr.

Að tillögu framkvæmdastjóra var samþykkt að semja við Guðrúnu Margréti um að gera grunnmynd að innra skipulagi með hliðsjón af þörfum Bændasamtakanna.

10. Fundur framkvæmdastjóra Bændasamtakanna með formanni og framkvæmdastjóra Landssambands kúabænda í kjölfar aðalfundar sambandsins.

Lagðar fram til kynningar 11 ályktanir aðalfundar Landssambands kúabænda frá 4.-5. apríl sl.:

1. Þar sem mótmælt er hugmyndum um lækun innflutningstolla á matvælum.
2. Þar sem lýst er undrun yfir aðgerðum Samkeppniseftirlitsins í kjölfar búnaðarþings 2008.
3. Um að leitað verði leiða til að kostnaðarbreytingar við mjólkurframleiðslu skili sé fyrr en nú er í afurðaverði.
4. Um að kannaðir verði möguleikar á því að hætta opinberri verðlagningu á mjólk til framleiðenda.
5. Um að skoðaðar verði leiðir til þess að lækka búnaðargjald á búgreinina.
6. Um tilhögun greiðslna úr lið 6.4 um óframleiðslutengdan- og/eða minna markaðstruflandi greiðslur mjólkursamnings.
7. Um úrbætur á forritinu dkBúbót.
8. Um að stimpilgjöld við þinglýsingu verði að fullu lögð niður.

9. Um samstarf við Matvælastofnun um útfærslu eftirlitskerfis landbúnaðarins.
10. Um könnun á kostum þess og göllum að taka upp notkun örmerkja við einstaklingsmerkingu nautgripa.
11. Þar sem varað er við því að gerðar verði einhverjar þær breytingar á störfum héraðsdýralækna sem ætla má að leiði til lakari dýralæknaþjónustu í strjálbýlli héruðum.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því sem fram fór á fundi hans með formanni og framkvæmdastjóra Landssambands kúabænda í kjölfar aðalfundarins.

11. Landbúnaðarsýningin á Hellu.

Lagt fram bréf Búnaðarsambands Suðurlands, dags. 14. apríl sl., þar sem reifaðar eru hugmyndir um að Bændasamtökin taki að sér að verða einn af helstu samstarfsaðilum landbúnaðarsýningarinnar á Hellu 2008. Í því skyni fer BSSL jafnframt fram á 2 mkr. í styrk frá BÍ til sýningarhaldsins.

Að tillögu formanns, sem gerð var í samráði við sviðsstjóra útgáfu- og kynningarsviðs, var samþykkt samhljóða að verða við styrkumsókninni. 1 mkr. vegna þessa komi af fjárhagsáætlun útgáfu- og kynningarsviðs vegna sýningarhaldsins og 1 mkr. af ráðstöfunarfé stjórnar skv. fjárhagsáætlun 2008.

12. Beint frá býli.

Framkvæmdastjóri fjallaði um samþykkt búnaðarþings um að Bændasamtökin styddu vel við starfsemi samtakanna “Beint frá býli”. Stjórn samtakanna sækir fast að gera formlegan samstarfssamning við Bændasamtökin. Árni Snæbjörnsson hefur komið talsvert að málinu fyrir hönd BÍ.

Samþykkt var samhljóða að heimila framkvæmdastjóra að gera samstarfssamning við “Beint frá býli” til alls að þriggja ára. Samningurinn verði lagður fyrir stjórn Bændasamtakanna til staðfestingar.

13. Lagafrumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar:

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti lista yfir lagafrumvörp og þingsályktunartillögur, sem snerta Bændasamtökin og nú liggja fyrir Alþingi. Meðal þeirra eru:

a) Endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.

Lagt fram bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 9. apríl sl., með beiðni um umsögn við meðfylgjandi frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 524. mál á 135. löggjafarþingi, EES-reglur, breyting ýmissa laga.

Sjá umfjöllun um dagskrár lið 2 hér að framan.

b) Frumvarp til laga um tekjuskatt.

Lagt fram bréf Efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 10. apríl sl., með beiðni um umsögn við meðfylgjandi frumvarp til laga um tekjuskatt, 515. mál á 135. löggjafarþingi, aðgerðir í tengslum við kjarasamninga.

c) Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.

Lagt fram bréf Félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, dags. 22. apríl sl., með beiðni um umsögn við meðfylgjandi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 535. mál á 135. löggjafarþingi.

d) Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu.

Lagt fram bréf Iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 17. apríl sl., með beiðni um umsögn við meðfylgjandi frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu o.fl., 553. mál á 135. löggjafarþingi, leyfisveitingarvald til Orkustofnunar.

e) Frumvarp til laga um fiskeldi.

Lagt fram bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 23. apríl sl., með beiðni um umsögn við meðfylgjandi frumvarp til laga um fiskeldi, 530. mál á 135. löggjafarþingi, heildarlög.

f) Frumvarp til laga um Fiskræktarsjóð.

Lagt fram bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 23. apríl sl., með beiðni um umsögn við meðfylgjandi frumvarp til laga um Fiskræktarsjóð, 554. mál á 135. löggjafarþingi, hlutverk og staða sjóðsins.

g) Frumvarp til laga um flutning stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði til Fiskistofu.

Lagt fram bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 23. apríl sl., með beiðni um umsögn við meðfylgjandi frumvarp til laga um flutning stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði o.fl. til Fiskistofu, 531. mál á 135. löggjafarþingi, breyting ýmissa laga.

14. Málefni Hótel Íslands ehf.

Formaður greindi frá því að söluviðræður stæðu nú fyrir dyrum við aðila sem lýst hefði áhuga á að kaupa félagið Hótel Ísland ehf.

15. Endurnýjun samnings Bændasamtaka Íslands og Starfsgreinasambands Íslands.

Framkvæmdastjóri greindi frá gangi samningaviðræðnanna við Starfsgreinasamband Íslands. Taxtarnir, sem um er að ræða í samningunum, eru lágmarkstaxtar, en Starfsgreinasambandið vill einfalda samninginn og fella hann sem mest að samningi á hinum almenna markaði. Sambandið telur þó nauðsynlegt að hafa í samningnum ákvæði (lágmarkstaxta) um frádrátt fyrir fæði og húsnæði.

Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá drögum að samningi við Starfsgreinasambandið og leggja fyrir stjórn til staðfestingar.

16. Sauðamessa.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

17. Sjúkrasjóður.

Lagt fram rekstraryfirlit Sjúkrasjóðs BÍ 2004-2008. Höfuðstóll sjóðsins er nú um 30 mkr. Einnig var lagt fram tölvubréf Jóhanns Ólafssonar, starfsmanns Sjúkrasjóðs BÍ, dags. 15. apríl sl., en stjórn sjóðsins hefur óskað eftir afstöðu stjórnar BÍ til nokkurra álitamála sem upp hafa komið við mat umsókna.

Stjórn BÍ staðfesti þá túlkun sem fram kom í bréfi Jóhanns og fól stjórn Sjúkrasjóðsins að vinna eftir henni framvegis.

18. Starfsmenntasjóður.

Lagt fram rekstraryfirlit Starfsmenntasjóðs BÍ 2006-2008. Höfuðstóll sjóðsins er nú um 500 þkr., en Framleiðnisjóður greiðir til hans framlög eftir útgreiðslum skv. fjárhagsáætlun sjóðsins.

Formaður lagði fram og kynnti minnisblað um styrkuppþæðir skv. reglum Starfsmenntasjóðs BÍ. Fram kom í máli hans að ferðakostnaður hafi hækkað gífurlega að undanfögnu og því lagði hann til að greiðsla vegna hans verðir hækkuð í kr. 5.000 fyrir skemmri vegalengd og kr. 10.000 vegna lengri ferðalaga. Stjórnin samþykkti samhljóða tillögu formanns.

19. Gjaldskrármál.

Framkvæmdastjóri óskaði heimildar hjá stjórn til þess að vinna, í samráði við sviðsstjóra, gjaldskrá fyrir útselda vinnu hjá BÍ. Á Noregsfundi stjórnar var jafnframt ákveðið að auka hlutdeild seldrar þjónustu hjá samtökunum, þ.e. fyrir sértækar leiðbeiningar sem einstaklingar kunna að óska eftir. Grunnhugmyndin er sú að um verði að ræða þrjá gjaldflokka, þ.e. 0-flokkur (sem ekki verði innheimt fyrir), lægri flokkur, fyrir almenna sértæka vinnu og hærri flokkur, fyrir vinnu sérfræðinga. Stjórnin veitti framkvæmdastjóra heimild til þess að hefja vinnu við gjaldskrárgerð. Tillaga um gjaldskrá verði síðan lögð fyrir stjórn BÍ til staðfestingar og að lokum borin undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

20. Staðfesting úthlutunar nýliðunarstyrkja.

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti minnisblað, dags. 29. apríl sl., um úthlutun styrkja vegna nýliðunar skv. samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, en til ráðstöfunar skv. auglýstum verklagsreglum eru nú 35 mkr. Alls bárust 23 umsóknir, en lagt er til að 11 umsækjendur, sem uppfylltu skilyrði reglnanna, fái fullan styrk. Með vísan til þess að aðeins hluti þess fjár, sem til ráðstöfunar er, gengur út er jafnframt lagt til að framlög til nýliða hækki í allt að kr. 4.000 á hverja kind umfram 50 kindur, þó þannig að ekki verði greitt umfram sannanlegt kaupverð.

Stjórnin gerði ekki athugasemdir við styrkúthlutunina skv. minnisblaðinu, en ákvað jafnframt að leita heimildar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins til þess að auglýsa aftur eftir styrkjum vegna alls ársins 2007. Verklagsreglurnar fyrir yfirstandandi ár verði enn fremur endurskoðaðar hið fyrsta.

21. Önnur mál:

a) Starfshópur um fjallskil.

Formaður greindi frá því að Landssamtök sauðfjáraþenda hafi ákveðið að skipa Sigurð Eyþórsson, framkvæmdastjóra samtakanna, í starfshóp Bændasamtaka Íslands um fjallskil og að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi tilnefnt Valtý Valtýsson, sveitarstjóra Bláskógarbyggðar. Formaður hópsins verður Þorsteinn Kristjánsson, stjórnarmaður Bændasamtakanna.

b) Aðalfundur Landsmóts ehf.

Formaður greindi frá því að aðalfundur Landsmóts ehf. verði haldinn 16. maí nk. Samþykkt var samhljóða að Sigurbjartur Pálsson, eða formaður til vara, verði fulltrúi Bændasamtakanna á fundinum. Enn fremur var samþykkt samhljóða að tilnefna Ágúst Sigurðsson í stjórn Landsmóts ehf., fyrir hönd BÍ, og Eyþór Einarsson til vara.

c) Samþykktir Búnaðarsambands N-Þingeyinga.

Lagðar fram til staðfestingar samþykktir Búnaðarsambands N-Þingeyinga, eins og þær voru samþykktar á aðalfundi þess fyrir skömmu.

Samþykkt var samhljóða að staðfesta samþykktirnar, að fengnu jákvæðu álitni Más Péturssonar, lögfræðings Bændasamtakanna.

Ennfremur voru lagðar fram samþykktir Búnaðarfélags Áshrepps, eins og þær voru samþykktar á aðalfundi þess fyrir skömmu.

Samþykkt var samhljóða að gera ekki athugasemd við samþykktirnar, enda hafi þær verið samþykktar af Búnaðarsambandi Húnaþings og Stranda.

d) Samstarfssamningur við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Framkvæmdastjóri greindi frá því að Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, hafi lýst miklum áhuga á að gera samning við Bændasamtökin um ýmis samstarfsverkefni.

Samþykkt var samhljóða að stefna að gerð slíks samnings hið fyrsta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.

/Gylfi Þór Orrason